

Tilboð
30.1.2020












Rekstraraðili innkaupa

Ríkiskaup
Helena Rós Sigmarsdóttir

Innkaup

Frágangur vikurnámu við Búrfell
21024
Lokatilboðsdagur: 30.1.2020 13:00

Skýringar

-  Textinn er innifalinn í auglýsingunni
-  Textinn verður hluti samningsins
-  Textinn/spurningin inniheldur kröfurnar sem þarf að uppfylla
-  Spurningin er vegin og tekin með í matið
-  Þessari spurningu svarar kaupandinn
-  Svárið fullnægir ekki þeirri kröfu sem um ræðir
-  Textinn er innifalinn í sérgreiningunni
-  Textinn verður birtur í efnisskrá samningsins
-  Textinn/spurning inniheldur ESPD kröfur
-  Spurningin er lögð fram í upplýsingaskyni eingöngu
-  Spurningin er merkt fyrir sérstaka eftirfylgni

Þjófendur

Seljandi	Tilboð	Kennitala fyrirtækis	Metinn hæfur
Jarðefnaiðnaður ehf	JEI Frágangur vikurnámu við Búrfell	5108770209	

Efnisyfirlit

1. Útboðslýsing: 21024 - Frágangur vikurnámu við Búrfell	4
1.1 Almennt	4
1.1.1 Gögn sem fylgja auglýsingu	4
1.1.2 Afhending tilboða	4
1.1.3 Yfirlit dagsetninga	4
1.1.4 Tungumál	4
1.2 Almennir skilmálar auglýsingar	5
1.2.1 Samskipti á tilboðstíma	5
1.2.2 Afhending tilboðs	5
1.2.3 Framsetning tilboðs	5
1.2.4 Framlenging á gildistíma tilboða	6
1.2.5 Fylgigögn með tilboði	6
1.2.6 Afturköllun tilboða	6
1.2.7 Frávísun tilboða	6
1.2.8 Opnun tilboða	6
1.2.9 Tilkynning um val tilboðs og biðtími	6
1.2.10 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs	6
1.2.11 Undirverktaka	7
1.2.12 Umboð	7
1.2.13 Almennir fyrirvarar	7
1.2.14 Trúnaður	8
1.2.15 Lög og reglugerðir	8
1.3 Hæfi bjóðanda	8

1.3.1 Útilokunarástæður bjóðanda	8
1.3.2 Starfsréttindi	9
1.3.3 Fjárhagstaða bjóðanda	9
1.3.4 Opinber gjöld	10
1.3.5 Viðskiptasiðferði	11
1.3.6 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda	11
1.3.7 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum	12
1.4 Val á tilboðum	13
1.4.1 Gæðamat 100 stig	13
1.4.1.1 Verk- og tímaáætlun 33 stig	13
1.4.1.2 Nýting á landssvæði 33,5 stig	13
1.4.1.3 Aðrir matsþættir er varða gæði lausnar - Huglægt mat gert hlutlægt á Likert skala 33,5 stig	14
1.5 Skilgreiningar og orðskýringar	14
1.6 Viðaukar	15

1. Útboðslýsing: 21024 - Frágangur vikurnámu við Búrfell

1.1 Almenn



Ríkiskaup, fyrir hönd forsætisráðuneytisins, óska eftir tilboðum í frágang á vikurnámu á svæði sem er utan eignarlanda austan Búrfells í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og vestan Þjórsár. Megininntak samnings er frágangur landssvæðis. Greiðslur fyrir verkið verða í formi jarðvegs sem bjóðandi telur sig geta nýtt úr námunni skv. ákvæðum samnings.

1.1.1 Gögn sem fylgja auglýsingu

Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum gögnum eru hluti auglýsingar og með tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla samningsskilmála.

1.1.2 Afhending tilboða

Tilboðum skal skilað rafrænt, sjá hér: www.tendsign.is

1.1.3 Yfirlit dagsetninga



Umsjónaraðili auglýsingar hefur skipulagt eftirfarandi tímasetningar fyrir ferlið (dagsetningar geta breyst).

Kynningarfundur/Vettvangsskoðun	Verður ekki haldinn
Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá bjóðendum.	6.1.2020
Tilboðsfrestur	16.1.2020 13:00
Opnun tilboða	16.1.2020 13:03
Mat tilboða - áætlað	4 vikur
Val tilboðs og tilkynning um val tilboðs - áætlað	15. janúar
Samningsgerð - áætlað	Innan viku frá vali tilboðs
Gildistími tilboðs / frestur til að taka tilboði	15.4.2020

1.1.4 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

1.2 Almennir skilmálar auglýsingar

1.2.1 Samskipti á tilboðstíma

Ef bjóðandi hefur spurningar eða athugasemdir skulu þær berast umsjónarmanni auglýsingar inni í útboðskerfinu.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á gögnum, hann verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald eða hann hefur athugasemdir við gögnin er bjóðandi hvattur til að senda Ríkiskaupum skriflega fyrirspurn eða athugasemd í útboðskerfinu eins snemma á tilboðstímanum og tók eru á, þó eigi síðar en á þeim degi sem gefinn er upp í kafla um mikilvægar dagsetningar. Svör við fyrirspurnum verða birt í útboðskerfinu.

Öll samskipti við kaupanda og bjóðendur á tilboðstíma varðandi auglýsingu þessa eru í höndum Ríkiskaupa. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

1.2.2 Afhending tilboðs



Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála auglýsingar. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Visma þjónustuaðila TendSign án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma.

a. Bjóðandi staðfestir að hafa lesið og kynnt sér fylgigögn og skilmála og samþykkir með tilboði sínu alla skilmála auglýsingarinnar.

Já/Nei. Já er krafist

Frágangur námusvæðis



Svar

Já

1.2.3 Framsetning tilboðs

Bjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili/lögpersóna er bjóðandi og þar með ábyrgur fyrir verkefni gagnvart kaupanda. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað í útboðskerfinu. Tilboð skal lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það.

Athygli er vakin á að rafræn heiti skjala mega ekki innihalda sértákn, svo sem % & ? o.s.frv.

Athygli er vakin á að skjöl sem varða óundanþægar "SKAL" kröfur skulu ekki vera lagðar fram með

tilboði á .xml formi.

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi.

1.2.4 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Skilyrði er að fyrir liggi samþykki allra þátttakenda eða málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu. Með sama skilyrði er heimilt að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu gild að nýju, þó aðeins í mjög stuttan tíma.

1.2.5 Fylgigögn með tilboði

Í gögnum þessum er tilgreint hvaða gögn og upplýsingar bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrirmæli.

1.2.6 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt í útboðskerfinu áður en tilboðsfrestur rennur út.

1.2.7 Frávísun tilboða

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í gögnum þessum.

1.2.8 Opnun tilboða

Þar sem um er að ræða rafrænt ferli verður ekki haldinn eiginlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir. Eftir opnun tilboða verður tilkynnt um nöfn bjóðenda á heimasíðu Ríkiskaupa.

Ekki verður tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti lýkur, hvort sem er með rafrænum hætti eða bréflaga. Bjóðendur eru því hvattir til að skila tilboðum tímanlega.

1.2.9 Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Áður en samningur er verður gerður mun verða tilkynnt um fyrirhugað val á samningsaðila.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess sbr. skilmála auglýsingar og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli gagna þessara og tilboðs bjóðanda.

Endanlegur bindandi samningur kemst á við formlega undirritun samnings samkvæmt upplýsingum í tímafrestum.

1.2.10 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Ríkiskaup/kaupandi munu samþykkja hagstæðasta gilda tilboð samkvæmt valforsendum skilmála þessarar auglýsingar.

Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við gerð samnings á grundvelli málefnalega ástæðna. Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óskýr eða óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða heimildum kaupanda.

1.2.11 Undirverktaka

Bjóðandi skal upplýsa kaupanda í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis kaupanda áður en undirverktaki hefur störf. Bjóðandi ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við auglýsingaskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma gildir það sama.

Komi tilboð til álita er kaupanda heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi einnig fram hæfisyfirlýsingu fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma.

Ef útilokunarástæður, sbr. til hliðsjónar skv. 68. gr. OIL, eiga við um undirverktaka er seljanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um, komi tilboðið til álita.

a. Ætlar bjóðandi að fela þriðja aðila framkvæmd hluta samnings? Hér ber að upplýsa ef svo er og greina frá hvaða hluti samnings og hvaða verkefni felast í þeim hluta.

Já/Nei

Almennar hæfiskröfur (2)



Svar

Nei

1.2.12 Umboð

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi

a. Er tilboð lagt fram í umboði annars aðila

Já/Nei

Almennar hæfiskröfur (2)



Svar

Nei

1.2.13 Almennir fyrirvarar

Auglýsinga- og samningsgögn þessi gilda varðandi samninginn. Upplýsingar sem

samningsgjafi hefur veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu.

Það er mat kaupanda að samningur þessi sé undir útboðsfjárhæðum og falli hvorki undir lög um opinber innkaup né valdsvið [kærunefndar útboðsmála](#).

1.2.14 Trúnaður

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu samningsgjafa til að leggja fram upplýsingar á grundvelli stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

1.2.15 Lög og reglugerðir

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir nefnd OIL) gilda ekki um samning þennan sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna.

Um er að ræða heimild til nýtingar á takmörkuðum gæðum sem ber að auglýsa skv. stjórnsýslulögum. Til að gæta jafnræðis er samt sem áður leitast við að fylgja verklagi skv. OIL í auglýsingaferli þessu eins og við getur átt.

Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um samning þennan eins og við getur átt og reglugerðir á grundvelli laganna, einkum reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs.

ÍST 30/2012 gildir um samning þennan.

Stangist texti gagna á við lögin, vikur textinn.

Um samning í kjölfar innkaupaferlis gilda íslensk lög.

1.3 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla hæfiskröfum til bjóðenda lýst. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins, telst tilboð hans ógilt og verður vísað frá. Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn á grundvelli auglýsingar þessarar og sem Ríkiskaup hafa áskilið sér rétt til að óska eftir.

1.3.1 Útilokunarástæður bjóðanda



Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

- 1) þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- 2) spillingu,

- 3) sviksemi,
- 4) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- 5) peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- 6) barnþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yferráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögakveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur kaupandi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann. Með vísan til tilmæla OECD, Working group on Bribery, munu Ríkiskaup og kaupandi við mat á hæfi bjóðanda og ákvörðun um samningsgerð taka mið af því hvort fyrirtæki hefur gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og upplýsa um mútugreiðslur af hálfu starfsmanna fyrirtækisins til innlendra og erlendra aðila, t.a.m. með innri úttektum, ábendingarhnapp á heimasíðu, siðareglum og stefnu varðandi gjafir og umbun til viðskiptaaðila. Bjóðandi skal staðfesta og upplýsa hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í þessu skyni í tilboði sínu.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum.

b. Með því að leggja fram tilboð, staðfestir bjóðandi að framangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yferráða í því.

Já/Nei. Já er krafist

Almennar hæfiskröfur (2)



Svar

Já

1.3.2 Starfsréttindi

Á ekki við

1.3.3 Fjárhagsstaða bjóðanda



Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. til hliðsjónar 71. gr. OIL.

a. Fjárhagsstaða bjóðanda er fullnægjandi

Frágangur námusvæðis



Já/Nei. Já er krafist

Svar

Já

Seljandi: *Hjálagður er ársreikningur vegna rekstrarársins 2018 og staðfestingar á stöðu við ríkissjóð og lífeyrissjóði.*

1.3.4 Opinber gjöld

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld	Vottorð frá Ríkisskattstjóra ekki eldra en þriggja mánaða á opunardegi tilboða eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv e - certis.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð, ekki eldra en þriggja mánaða á opunardegi tilboða, frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv e - certis.
Bjóðandi skal vera með jákvæða eiginfjárstöðu	Bjóðandi skal skila inn árituðum ársreikningi fyrir árið 2018

a. Vottorð frá Ríkisskattstjóra eða sambærileg staðfesting

Frágangur námusvæðis



Viðhengi

1 Fylgiskjal

Stada innheimtumanna rikissjods.pdf


b. Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum eða sambærileg staðfesting

Frágangur námusvæðis



Viðhengi

1 Fylgiskjal

 Stadfestingar fra lifeyrissjodum (1).pdf


c. Ársreikningur

Viðhengi

Almennar hæfiskröfur (2)



 1 Fylgiskjal

 Arsreikningur 2018 - JEI (1).pdf

d. Vottorð fullnægjandi

Já/Nei. Já er krafist

Frágangur námusvæðis



1.3.5 Viðskiptasiðferði

Bjóðandi / seljandi ábyrgist að hann og starfsmenn hans eru ekki sekir um spillingu og mun með virkum hætti vinna gegn öllum tegundum spillingar, þar með talið mútur og peningabætti. Gerð er krafa um bann við að bjóða, lofa eða gefa viðskiptavinum, birgjum og/eða opinberum starfsmönnum óviðeigandi eða ólögmetan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samning þennan. Sama á við um að þiggja slíkan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samninginn.

Með því að sækja gögn með auglýsingu þessari og senda inn tilboð staðfestir bjóðandi framangreint. Sjá nánar skilmála um viðskiptasiðferð á vef Ríkiskaupa þar sem fjallað er um viðurlög við mútum.

1.3.6 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda



Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Fyrirtæki er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá, sbr. til hliðsjónar 76. gr. OIL.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til tæknilegrar og faglegrar getu bjóðanda:

Krafa	Staðfesting
<ul style="list-style-type: none"> Bjóðandi skal hafa lokið frágangi á a.m.k. einu námasvæði eða sambærilegu svæði á s.l. 5 árum. Bjóðandi skal vera með umhverfisstefnu Bjóðandi skal leggja fram lista sem sýnir mannskap og tækjabúnað sem hann 	<ul style="list-style-type: none"> Skrá yfir a.m.k. eitt sambærilegt verk sem unnið hefur verið á undanförunum 5 árum og óháður aðili hefur tekið út. Sambærileg verk geta verið ófrágengin landsvæði sem nýtt hafa verið í annað en námuvinnslu.

og/eða undirverktaki býr yfir

- Umhverfisstefna
- Skrá yfir mannskap og tæki

Bjóðendur vinsamlegast athugið að staðfesta skal að ofangreindar kröfur um reynslu og þjónustu séu uppfylltar, hér að neðan. Ríkiskaup áskilja sér rétt til að sannreyna þetta og skulu bjóðendur, í þeim tilvikum, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar sem málið varða, ella áskilja Ríkiskaup sér rétt til að vísa tilboði frá.

a. Skrá yfir sambærileg verk

Viðhengi

Frágangur námusvæðis



1 Fylgiskjal

Sambærileg verk.docx

b. Umhverfisstefna

Viðhengi

Frágangur námusvæðis



1 Fylgiskjal

Umhverfisstjórnun.docx

c. Skrá yfir mannskap og tæki

Viðhengi

Almennar hæfiskröfur (2)



2 Fylgiskjöl

Skrá yfir tæki.xlsx

Vélakostur, aðstaða, mannskapur.docx

d. Upplýsingar fullnægjandi

Já/Nei. Já er krafist

Frágangur námusvæðis



1.3.7 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar sbr. til hliðsjónar VI. kafli laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Með framlagningu tilboðs á grundvelli auglýsingar þessarar samþykkir bjóðandi að Ríkiskaup kanni hvort útilokunarástæður eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðandi samþykkir jafnframt

að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess.

1.4 Val á tilboðum

Í þessum kafla ef fjallað um val á tilboðum og þær forsendur sem um það gilda. Tilboð eru valin á grundvelli valforsendna sem fram koma í þessum kafla.

Tilboð skulu vera bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi þá er það metið ógilt.

Hagkvæmasta tilboð er valið á grundvelli besta hlutfalls milli tæknilegra lausna, umhverfissjónarmiða, afhendingartíma og nýsköpunarsjónarmiða og gæða að mati valnefndar.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.


1.4.1 Gæðamat 100 stig


1.4.1.1 Verk- og tímaáætlun 33 stig

Þjóðandi skal leggja fram verk- og tímaáætlun um hvernig hann hyggst vinna verkið. Í þeirri áætlun skal gerð grein fyrir m.a áföngum verksins, tímalína verkskila og framvindu.


a. Verk- og tímaáætlun skilað

Viðhengi

Frágangur námusvæðis 

 2 Fylgiskjöl

 Verk- og tímaáætlun.docx

 Verk- og tímaáætlun (1).docx

b. Verk- og tímaáætlun

Línulegur kvarði. 1 - 100 Gæði

Frágangur námusvæðis   33 punktur

1.4.1.2 Nýting á landssvæði 33,5 stig

Þjóðandi skal leggja fram áætlun um hvaða jarðefni hann hyggst nýta úr landinu.

Fjölbreyttari og betri nýting gefur fleiri stig.

Dæmi: Grófur vikur, vikursalli, fleiri jarðefnategundir.

a. Nýting á landssvæði

Viðhengi

Frágangur námusvæðis



1 Fylgiskjal

Nýting á landssvæði.docx

b. Stig fyrir nýtingu lands

Línulegur kvarði. 1 - 100 Gæði

Frágangur námusvæðis



33,5 punktur

1.4.1.3 Aðrir matsþættir er varða gæði lausnar - Huglægt mat gert hlutlægt á Likert skala 33,5 stig

Við mat á tilboðum munu sérfræðingar í valnefnd meta tillögu bjóðanda og gefa henni einkunn. Við matið verður horft til atriða eins og nýsköpunar, kolefnisjöfnunar og spornun við kolefnislosun í tengslum við verkefnið. Notaður verður Likert-skali við mat á tilboði. Með Likert-skala er átt við fimm svarmöguleika mælistiku með orðgildum. Orðgildin; mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála og mjög sammála eru notuð á matsblöðum. Sett er fram fullyrðing þar sem matsaðilar eru beðnir um að merkja við viðeigandi orðgildi. Gefin verður einkunn á bilinu 1 til 5 þar sem 1 er lægsta einkunn en 5 hæsta einkunn fyrir hverja kröfu sem eru tilgreindar hér að aftan. Gefin verða stig fyrir hvert atriði sem metið er. Einkunnir fyrir hverja kröfu verða lagðar saman og deilt í með fjölda sem gefur einkunn. Niðurstaðan gefur einkunn fyrir hvern lið. Ef tilboð fær lægri einkunn en 3,1 þá telst það ekki standast skal kröfur og verður vísað frá útboði.

Atriði sem horft verður til eru:

Nýsköpun - Upplýsingar og áætlun.

Kolefnisjöfnun - Áætlun.

Afhendingartíma.

Spornun við kolefnislosun - Áætlun.

Reynsla af sambærilegum verkum.

Heildarmat verk- og tímaáætlunar.

a. Heildarmat valnefndar/faghóps

Línulegur kvarði. 1 - 100 Gæði

Frágangur námusvæðis



33,5 punktur

1.5 Skilgreiningar og orðskýringar**BJÓÐANDI** - Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð.**EES** - Evrópska efnahagssvæðið – þar með talið Ísland.

OIL - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

SKAL - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða krafa er ófrávíkjanleg, þ.e. bjóðandi verður í tilboði sínu að uppfylla slíkt atriði eða kröfu til að tilboðið teljist gilt.

UMBOÐ - Skriflegt skjal þar sem bjóðandi skipar annan einstakling sem umboðsmann hans eða til að koma fram fyrir hans hönd og veitir umboðsmanni vald til að framkvæma ákveðnar aðgerðir fyrir hans hönd svo sem að gera bindandi samning.

VERKKAUPI/KAUPANDI – Stofnun, sveitarfélag eða annar opinber aðili skv. 3. gr. OIL sem kaupir í kjölfar útboðsins.

VERKSALI/SELJANDI - Bjóðandi sem samið er við að undangengnu útboði.

VÖRUFLOKKUR - Ein eða fleiri vörutegundir sem skilgreindar í sérstakan hóp annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

VÖRUNÚMER - Ein tiltekin vara sem tilgreind er með einkvæmu númeri annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu vörunúmerakerfi.

VÖRUTEGUND - Eitt eða fleiri vörunúmer sem skilgreind eru í sérstakan hóp annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

ÞARF - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða kröfu er bjóðanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli með tilboði sínu. Hægt að taka slíkt atriði eða kröfu inn í matslíkan útboðslýsingar og meta tilsvareandi tilboðspátt bjóðanda til stiga eða einkunnar.

SKAL - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði sé óundanþæg krafa.

ÞÁTTTAKANDI – Fyrirtæki sem leitar eftir því eða hefur verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisútboði, samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi.

ÞJÓNUSTUFLOKKUR - Afmarkaðir þættir þjónustu sem eru teknir saman í hóp og boðnir út undir einu heiti.

ÞJÓNUSTUÞÁTTUR - Tiltekin þjónusta.

Sjá einnig orðskýringar í 2. gr. laga um opinber innkaup (OIL). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

1.6 Viðaukar

Viðaukar eru hluti útboðsgagna.